

SKÓLANEFND ME

118. FUNDUR

haldinn 30. apríl 2014 kl. 17 í fundarherbergi skólans

Mættir voru: Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Gauti Jóhannesson og Lára Vilbergsdóttir. Áheyrnarfulltrúar: Jón Kristinn Arngrímsson og Þórunn Víðisdóttir. Guðrún Hlíðkvist, fulltrúi nemenda mætti ekki til fundar. Jafnframt sátu fundinn Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árna Ólason áfangastjóri.

Formaður setti fund kl. 17.05 og gengið var til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar 117. fundar

Fundargerð hafði verið send í tölvupósti eftir síðasta fund og samþykkt en var nú undirrituð af fundarmönnum.

2. Staða skólanámskrángerðar

Formaður óskaði eftir breytingu á boðaðri dagskrá og að þessi liður yrði tekinn á undan öðrum. Samþykkt samhljóða.

Arnar Sigbjörnsson kom inn á fundinn og kynnti stöðu skólanámskrángerðar ME með ítarlegri glærुकynningu. Hann telur verkið langt komið í bæði almenna hluta og námskrárhluta. Vonast er til að almenni hluti skólanámskrár verði birtur í vor. Umræður spunnust um málið og síðasta útspil ráðuneytis varðandi styttingu framhaldsskólans.

Arnari þakkað fyrir kynninguna og hann yfirgaf fundinn.

3. Starfsmannamál

Skólameistari kynnti stöðu starfsmannamála. Auglýst var eftir mannauðs- stjóra í 50% starfs í landsmálablöðum. Níu umsóknir bárust. Ráðningarstofan Talent var fengin til að meta umsækjendur og tekin voru viðtöl við sex einstaklinga. Eftir það stóðu tveir eftir og mælti Talent með öðrum þeirra fremur en hinum. Skólameistari er sammála þessu mati Talent og skólanefnd telur viðkomandi góðan kost. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við að Elín Rán Björnsdóttir verði ráðin til starfens frá og með 1. ágúst n.k. Skólameistara falið að kynna ítarlega starfslýsingu vegna starfsins fyrir skólanefnd á fundi í júní.

Önnur starfsmannamál: Skólameistari fór yfir mögulegar breytingar í starfsmannamálum fyrir haustið og þær auglýsingar sem birtar hafa verið á starfatorgi.is. Mörg millistjórnendastörf eru laus í vor og verða auglýst

innan skólans. Þá verður reynt að endurvekja viðskiptagreinakennslu í ME og því er auglýst eftir viðskiptagreinakennara.

Samþykkt að skólameistari kalli eftir lögfræðialiti til að skýra álitamál varðandi ráðningar- og starfshlutföll kennara skólans.

4. Fjármál:

Lokagerð ársreiknings fyrir 2013 kynnt fyrir skólanefnd. Rekstrarafgangur var á seinasta ári upp á 9,6 m.kr. Höfuðstóll er kominn í 29 m.kr. Þannig að nú er væntanlega lag að endurnýja það sem farið er að ganga úr sér. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með góðan rekstur skólans.

5. Önnur mál:

a) Að loknu verkfalli

Það fóru 3 vikur í verkfallið. Skólameistari kenndi einn eðlisfræðiáfanga í verkfalli en annars lá öll kennsla niðri. Eftir verkfallið voru settir inn 6 aukadagar samkvæmt samningi en það er ljóst að brottfall hefur aukist og skráningum í fjarnám hefur fjölgað í kjölfar verkfallsins. Þetta getur þýtt að rekstrarfé til skólans minnkar sem þessum afföllum nemur. Ljóst er að tekjutap skólamötuneytis og heimavistar verður töluvert út af verkfallinu.

b) Aðgerðaáætlun í starfsmannamálum – staða mála

Verkfallið setti þessa áætlun í uppnám þannig að varla verður lengra komist í vor. Nýr mannauðsstjóri mun síðan taka við ýmsum verkefnum áætlunarinnar í haust. Skólameistari kynnti að ósk formanns bráðabirgðaniðurstöður úr könnun meðal kennara sem framkvæmd var fyrir verkfall sem liður í innra mati. Samanburður milli ára sýnir mikinn viðsnúning meðal kennara hvað varðar líðan á vinnustað og starfsánægju. Skólanefnd lýsir ánægju með þessa niðurstöðu og telur þetta vera ótvíræð merki um að aðgerðaáætlun í starfsmannamálum sé að skila árangri. Gert er ráð fyrir að ítarlegri niðurstöður úr innra mati liggi fyrir í júní.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:13.

Fundargerð ritaði Árni Ólason